Fyrsti skólaráðsfundur skólaársins 2025-2026 15.10.2025

Mættir: Harpa Reynisdóttir skólastjóri, Patricia Anna Þormar og Jóhanna Jakobsdóttir fulltrúar foreldra, Arndís Anna Björgvinsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Arna Vény Guðmundsdóttir og Karitas Sumati Árnadóttir fulltrúar kennara, Gunnur Elka Ellertsdóttir fulltrúi nemenda, Bjarni Magnusson áheyrnarfulltrúi og Björg Melsted ritari.

- Kynning á skólaráði
  Nýir fulltrúar kynntir og Harpa afhendir handbók um skólaráð.

- Kynning á starfi vetrarins
  1. bekkur
  71 nemandi í fjórum umsjónarbekkjum.
  Blöndun nemenda og röðun í umsjónarbekki gekk vel í ár. Þriðja árið sem þetta fyrirkomulag er í 1.bekk sem gefist hefur vel. Mikilvægt er að skoða fyrirkomulag blöndunar ár hvert og taka mið af fjölda nemenda og aðstæðum hverju sinni.

  Leiðsagnarnám
  Endurinnleiðing á leiðsagnarnámi heldur áfram. Skóla- og frístundasvið mun einnig leggja áherslu á leiðsagnarnám og hefur þegar komið á kennarafund með fræðslu.

  Endurskoðun á aðalnámskrá grunnskóla
  Við endurskoðun var áhersla lögð á að einfalda og skýra hæfniviðmið og samræma inntak greinakaflanna. Innleiðingaráætlun hafin við Melaskóla þar sem verið er að yfirfara kennsluáætlarnir í samræmi við breytingar í aðalnámskrá.

  Hugarfrelsi
  Styrkur úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla var nýttur í námskeið frá Hugarfrelsi þar sem kennd er sjálfstyrking, öndun, slökun og hugleiðsla. Farið er yfir hvernig nota má þessar aðferðir með nemendum. Foreldrafélagið gaf bækur og hugleiðsluspjöld og kann skólinn þeim miklar þakkir.

  Arna Vény segir frá hvernig hún hefur unnið með aðferðir Hugarfrelsis í 7. bekk og Gunnur Elka tekur undir að henni þyki gott að taka öndunaræfingar í kennslustundum.

  Skólasetning og hópfundir
  Harpa segir frá breyttu fyrirkomulagi á hópfundum á skólasetningardegi. Fallið var frá stórum sameiginlegum fundi á skólasetningu líkt og verið hefur síðustu ár. Fulltrúar foreldra eru sáttir við breytt fyrirkomulag en benda á að gott sé að halda áfram með kynningarfund fyrir 1. bekk og einnig væri gott að hafa kynningarfundur fyrir foreldra í 5.bekk.

  Starfsmannamál
  Það gekk vel að ráða í kennarastöður fyrir skólaárið sem er fagnaðarefni en því miður gekk ráðning deildarstjóri stoðþjónustu ekki eftir. Helga Pálmadóttir aðstoðarskólastjóri sinnir starfi deildarstjóra stoðþjónustu, hún er sérkennari, hefur langa reynslu af skólastarfi.

- **Starfsáætlun skólaársins**
  Fulltrúar skólaráðs hafa viku til að fara yfir starfsáætlun og koma með athugasemdir ef einhverjar eru. Að þeim tíma loknum telst starfsáætlun samþykkt.

- **Fundaráætlun vetrarins**
  Skólaráð samþykkti eftirfarandi fundaráætlun:
  Miðvikudagar kl. 8:30
  Annar fundur: 10. desember 2025
  Þriðji fundur: 4. mars 2026
  Fjórði fundur: 27. maí 2026

- **Önnur mál**
- Spurt um skólahljómsveitina og starfsemi hennar. Skólahljómsveit Vestur - og Miðbæjar hafa aðstöðu til kennslu í Melaskóla og Vesturbæjarskóla. Eitt af markmiðum skólahljómsveita er að jafna tækifæri nemenda til tónlistanáms. Melaskóli hefur átt góð og gefandi samskipti við skólahljómsveitina í gegnum árin.
- Rætt um símabann og hvernig það gengur. Almennt gengur vel að framfylgja símabanni þrátt fyrir að einhverjir reyni reglulega að laumast í símann að sögn nemenda. Tekið er á hverju máli fyrir sig og Harpa bendir á skólareglur og viðbrögð við brotum á skólareglum.
- Umræða um farsældarsáttmálann og foreldrar almennt sáttir við þá vinnu. Bjarni formaður foreldrafélagsins ætlar að athuga með að fá þá fræðslu aftur í skólann fyrir foreldra og nemendur.
- Umræða um nesti og matartíma, matarleifar o.fl. Almen ánægja með hádegisverð í skóla en fulltrúi foreldra bendi á að greinilega sé misjafn hversu vel úti látið nesti nemendur hafa með sér. Harpa bendir á ráðleggingar landlæknis um morgunnesti. Skólinn hefur þá stefnu að nemendur taki afganga og umbúðir af morgunnesti aftur heim. Gunnur Elka bendir á að margir nemendur reyni að lauma bananahýði og öðrum afgöngum í rusl í skólastofu en þar eru ekki flokkunartunnur líkt og í matsal.
- Rætt um matsalinn og hljóðvist. Framkvæmd í miðjurými í matsal miðar að því að laga hljóðvist. Framkvæmdin hefur dregist á langinn en vonandi lýkur henni fljótlega og hægt verður að leggja mat á gagnsemi hennar.
- Umræða um reiðhjól og hlaupahjól, skemmdarverk á skólatíma. Harpa harmar að hjól séu ekki látin í friði á skólatíma. Stjórnendur hafa rætt um hvernig hægt er að tryggja að ekki sé verið að fikta í hjólum. Bjarni spyr um myndavélar utan á skóla, þær eru ekki virkar en skoðað verður hvort ástæða sé til að fá nýjar myndavélar. Harpa bendi á að einnig sé eitthvað um það að farið sé inn í skólann á kvöldin og/eða um helgar og í þeim tilfellum koma myndavélar einnig að gagni. Inngangar í skólann eru margir og flókið að fylgja því eftir að allir séu lokaðir, sérstaklega þegar verið er að lána skólann. Bekkjarfulltrúar hafa fengið aðgengi að skólanum eftir skólatíma til að halda bekkjarkvöld og því miður hefur umgengni ekki verið til fyrirmyndar. Verið er að skoða reglur um lán á skólahúsnæði.